

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**66. fundur haldinn í grunnskólanum Egilsstöðum 22. október 2014**

**Mættir:** Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Þórhallur Þorsteinsson og Skúli Björn Gunnarsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir.

**Dagskrá:**

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**
- 2. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu og Kverkárrana**
- 3. Af vettvangi stjórnar**
- 4. Næsti fundur svæðisráðs**
- 5. Myndasýning úr Krepputungu**
- 6. Önnur mál**

*Ruth setti fund kl. 16.20. Gengið var til dagskrár.*

**1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 65. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

**2. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu og Kverkárrana**

Farið var yfir 3. drög að tillögu um breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkunar fyrir Krepputungu og Kverkárrana. Þau atriði sem rædd voru á síðasta fundi svæðisráðs eru nú komin inn eða tekið hefur verið tillit til þeirra. Meiri upplýsingar vantar um almennar reglur varðandi flugvelli og flugumferð til að hægt sé að taka afstöðu til þess. Nokkrum fleiri atriðum var vísað til næsta fundar og eiga þá að vera komin á hreint í 4. drögum.

Sá hluti tillögunnar sem svæðisráð þarf að fjalla um ætti að vera kominn á lokastig innan fárra vikna. Svæðisráð reiknar með að afgreiða þann hluta frá sér á næsta fundi.

**3. Af vettvangi stjórnar**

Formaður gerði grein fyrir þeim málum sem verið hafa til umræðu hjá stjórn þjóðgarðsins. Næsti fundur stjórnar verður 12. nóvember en á síðasta fundi voru eldsumbrotin í Holuhrauni mest í brennidepli. Samþykkt var á honum að vinna nýjan kafla inn í stjórnunar- og verndaráætlun vegna umbrotasvæðisins og nýja hraunsins. Fjármál þjóðgarðsins hafa verið mikið til umræðu hjá stjórninni, fjárlagafrumvarpið og kröfur um sértekjur.

**4. Næsti fundur svæðisráðs**

Samþykkt að funda næst fimmtudaginn 27. nóvember kl. 16.15.

**5. Myndasýning úr Krepputungu**

Þórhallur sýndi ljósmyndir úr Krepputungu frá ýmsum tímum.

**6. Önnur mál**

**a) Fyrrum svæðisráðsformanni þökkuð velunnin störf**

Birni Ármanni færður þakklætisvottur fyrir velunnin störf sem svæðisráðsformaður síðustu árin.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.50.*

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson